

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Eins og áform um veggjöld eru sett fram þá munu þau verða skattur á fólk sem þarf að sækja þjónustu til höfuðborgarinnar og þannig auka bilið milli fólks sem býr á höfuðborgarsvæðinu annarsvegar og þeirra sem búa utan þess. Þeir vegir sem vantar viðhald hafa nú þegar verið greiddir af skattfé og því óþarfi að tvískatta fyrir þá. Í afmörkuðum tilfellum þar sem skýr valkostur er í boði sem hægt er að aka án þess að greiða veggjöld væri hægt að samþykkja að veggjöld yrðu notuð sem aukakostur við fjármögnun.

Undirritað: Þröstur Jónasson (190472-4939)